



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Fyrirspurn Flokks fólksins í tengslum við niðurstöður greiningar á stöðu aldraðra kvenna og karla í heimahjúkrun Reykjavíkurborgar og hjúkrunarrýmum ríkisins*

Á fundi velferðarráðs þann 20. janúar lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

Í greiningu nemanda sem lögð er fram á fundi velferðarráðs kemur fram að konur lýsi meiri þörfum en eru metnar með minni þörf en karlar. Í lokaorðum segir að vinnubrögð Reykjavíkurborgar og forsætisráðuneytis hvað varðar kynjuð fjármál séu til fyrirmyndar og segir að „óskandi sé að fleiri sveitarfélög tileinki sér „þessa aðferðafræði.“ Hér vill fulltrúi Flokks fólksins staldra við og spyr hvað nákvæmlega taka á til fyrirmyndar? Hvernig eru kynjuð fjármál borgarinnar að bæta þennan mismun, í verki? Ekki bara að efnið sé til fyrirmyndar. Hér er spurt um aðgerðir en ekki orð á blaði, stefnur sem eru örugglega fínar. Er verið að bæta konum þennan mismun með fjárhagslegum hætti? Er meiri dreifing á fjármagni til kvenna en karla í þessu samhengi? Vissulega er áætlun og stefna til alls fyrst. Síðan koma framkvæmdir og aðgerðir. Fulltrúi Flokks fólksins vildi gjarnan sjá lista yfir aðgerðir, áþreifanleg verkefni og fjárfestingar sem ætlaðar eru til að jafna rétt kynjanna.

Svar:

Greining sú sem fyrirspurn vitnar til varðar stöðu aldraðra kvenna og karla í heimahjúkrun Reykjavíkurborgar og hjúkrunarrýmum ríkisins og er greiningin gerð með aðferðafræði kynjaðra fjármála. Höfundur segir í niðurlagi greiningar sinnar að vinnubrögð Reykjavíkurborgar og forsætisráðuneytisins hvað varðar kynjuð fjármál séu til fyrirmyndar og óskandi að fleiri sveitarfélög og stofnanir tileinki sér þessa aðferðafræði. Með kynjuðum fjármálum er t.d átt við að greiningar á þjónustuveitingu eins og heimahjúkrun í Reykjavík séu gerðar með aðferðafræði kynjaðra fjármála.

1. „Hvernig er kynjuð fjármál borgarinnar að bæta þennan mismun, í verki?“

Í niðurstöðu greiningar segir höfundur „Að öllu framangreindu er ljóst að aldraðar konur eru hlutfallslega fleiri að fá þjónustu en fá þó minni þjónustu en karlarnir. Þær lýsa meiri þörfum fyrir stuðning en virðast metnar í minni þörf en karlar.“ Niðurstöður höfundar um að konur í heimahjúkrun séu metnar í minni þörf en karlar þrátt fyrir að þær lýsi meiri þörfum fyrir stuðning geta vissulega vísað til þess að verið sé að mismuna mati á þjónustuþörf þeirra eftir kynjum. Rétt er að benda á að þarna er höfundur annars vegar að nota tölur um fjölda samskipta eftir kynjum (það eru vitjanir sem viðkomandi fær frá starfsfólki heimahjúkrunar) og hins vegar niðurstöður úr rannsókn allt annars þýðis. Höfundur þeirrar rannsóknar segir „Það bendir því margt til þess að konur lýsi meiri þörf fyrir stuðning en ekki víst að þær séu raunverulega að fá hann í meira mæli“ (Sigurveig Sigurðardóttir og fleiri 2012).

2. „Er verið að bæta konum þennan mismun með fjárhagslegum hætti?“

Í niðurstöðum greiningar segir höfundur „Sú kynslóð kvenna sem tilheyrir hópi aldraðra eru konur sem upplifðu mikið vinnuálag vegna ólaunaðrar vinnu sem karlmenn og samfélagið í heild hefur grætt á. Þær þurftu að þola gríðarlegan kynbundinn launamun og takast enn á við afleiðingar hans með lægri greiðslum ellilífeyris. Það má segja að töluvert halli á aldraðar konur í samfélaginu og við því þarf að bregðast með markvissum aðgerðum.“

3. „Er meiri dreifing á fjármagni til kvenna en karla í þessu samhengi?“

Varðandi dreifingu á fjármagni í heimahjúkrun í Reykjavík sem þessi greining nær til, þá fer meira fjármagn til kvenna en karlanna þar sem heildarfjöldi samskipta er meiri við konur og fleiri konur fá heimahjúkrun en karlmenn. Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá árinu 2019 kemur skýrt fram að konur eru í meirihluta þeirra sem þiggja heimahjúkrun eins og sjá má í töflunni hér að neðan. Eins og sjá má í töflunni eru konur rúmlega tvisvar sinnum fleiri en karlar eða **1.552** og karlar **905** talsins og er hlutfall þeirra sem fá heimahjúkrun svipað milli ára. Karlar voru **37%** notenda þjónustu árið 2018 og konur **63%**.

Fjöldi notenda þjónustu 2015-2019

Fjöldi skjólstæðinga	2019	%	2018	%	2017	%	2016	%	2015	%
Konur	1552	63	1459	64	1.517	64	1.499	63	1.506	63
Karlar	905	37	809	36	840	36	880	37	881	37
Samtals fjöldi skjólstæðinga	2457	100	2268	100	2.357	100	2.379	100	2.387	100